HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

Runólfur Gunnlaugsson
Lögg.fast.

Ásmundur Skeggjason
Lögg.fast.

Brynjar Baldursson
Sölufulltrúi

Jóhann Friðgeir Valdimarsson
Sölufulltrúi

Kristinn Tómasson
Lögg.fast.

Fyrir fólk á fasteignamarkaði

1. tölublað
2. árgangur

SUÐUR LANDSHLUTABLAÐ

— 11. JANÚAR 2018 —

„Freistandi er að minna á vá vegna jarðskjálfta, eldgosa og jökulhlaupa í kjördæminu. Stór hluti þess er á vásvæði, mismunandi alvarlegu eftir landssvæðum. Stóru eldstöðvarnar, Bárðabunga, Hekla, Katla, Grímsvötn og Öræfajökull eru ýmist í kjördæminu eða landshlutinn á áhrifasvæði þeirra. Þær leika allar einhvers konar forleik að umbrotum sem ekki er unnt að spá her og nú," skrifar Ari Trausti Guðmundsson, alþingismaður, bls. 4.

Nýopnuð gossprungan í Holuhrauni 2014.
Mynd: ATG

Ásta S., Ísólfur Gylfi og Ásgeir horfa til nýs árs

Sigfús Kristinsson sæmdur fálkaorðu

Nýjar bækur frá Sæmundi

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

BÓNFEÐGAR
Sími: 482 2327 / 848 2327 - Gagnheiði 51 - Selfossi
Þvottur - Djúphreinsun
Bón - Mössun - Vélaþvottur

Hitaveitu & gasskápar
fyrir sumarbústaði og heimili
Gæði • Þjónusta • Öryggi

Hitaveituskápar
Við sérsmíðum og eigum líka hitaveitukassa á lager.
Einnig smíðum við mikið af kössum á kerrur, bíla ofl.
Fáanlegir í mörgum litum.

Gasskápar
Eigum gasskápa á lager. Læsanlegir og smíðaðir úr áli.
Láttu ekki stela af þér kútunum!

VIK BLIKKSMIÐJA
Blikksmiðjan Vik ehf / Skemmuvegur 42, 200 Kópavogi / kt. 4309850279 / Sími: 557-1555 / blikkvik@blikkvik.is

ORMSSON
janúar dagar
15-50% afsláttur
af gæðavörum ORMSSON

AEG
þvottavélar

15% afsláttur

AEG
þurrkarar

15% afsláttur

AEG
uppþvottavélar

15% afsláttur

Ársvirkinn
EYRAVEGI 32 - SELFOSSI - SÍMI 480 1160

Sigfús sæmdur heiðursmerki fálkaorðunnar

Sigfús Kristinsson, húsasmíðameistari á Selfossi, var einn þeirra tólf sem forseti Íslands sæmdi heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í byrjun janúar.

Orðuna fær Sigfús fyrir framlag sitt til atvinnulífs og iðnmennta í heimabyggð.

Sigfús fæddist í Litlu-Sandvík í Sandvíkurhreppi árið 1932. Eftir að hafa lokið meistaraprófi í húsasmíði hóf sjálfstæðan atvinnurekstur við byggingarstarfsemi á Selfossi og nágrenni árið 1961.

Sigfús hefur reist fjölda stórhýsa sem hafa orðið áberandi í bæjarmynd Selfoss og víðar á Suðurlandi, svo sem Vöruhús KÁ, Sjúkrahús Suðurlands, íþróttahúsið á Laugarvatni, Fjölbrautaskóla Suðurlands og Laugardælakirkju.

Hann rak á tímabili eitt stærsta verktakafyrirtæki á Suðurlandi og kenndi fjölda iðnsveina um árabil.

Með árunum dró Sigfús úr umsvifum sínum en þrátt fyrir háan aldur en hann þó enn sístarfandi við smíðar á Selfossi.

Jóhann aðstoðarskólastjóri TÁ

Stjórnendaskipti urðu í Tónlistarskóla Árnesinga núna um áramótin, þegar Róbert A. Darling, skólastjóri, lét af störfum vegna aldurs. Helga Sighvatsdóttir tók við starfi hans en hún hefur starfað sem aðstoðarskólastjóri við skólann frá árinu 2000.

Tveir sóttu um stöðu aðstoðarskólastjóra og samþykkti fagráð skólans að ráða Jóhann Inga Stefánsson til starfans. Jóhann hefur kennt við skólann frá árinu 1988 og verið deildarstjóri blásaradeildar og almennur deildarstjóri frá 2002.

Framtak-Blossi er umboðsaðili fyrir VOLVO PENTA á Íslandi

Framtak-Blossi kappkostar að bjóða góða þjónustu og sanngjarnt verð á varahlutum.

VOLVO PENTA

Hafið samband við Hafþór í síma 895-3144 eða hafthor@blossi.is

FRAMTAK BLOSSI ehf

Dvergshöfða 27 , 110 Reykjavík | www.blossi.is | blossi@blossi.is

Höfum við gengið til góðs?

Við áramót horfa menn fram á veginn um leið og við horfum til baka. Í ljóði sínu Íslandi segir Jónas Hallgrímsson m.a. „ Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg“. Þetta er alltaf áleitin spurning en sem betur fer, ef við fáum um það ráðið, er það markmið okkar flestra.

Viðburðaríkir tímar

Það eru viðburðarríkir tímar framundan hér í sveitarfélaginu. Gamalt baráttumál er í höfn þar sem lágvöruverðsverslun KRÓNUNNAR opnar á Hvolsvelli sem í vor. Slík verslun er mikil kjarabót fyrir íbúa allrar sýslunnar og vegfarendur. Í sama húsnæði og verslunin, að Austurvegi 4, er verið að byggja nýtt stjórnsýsluhús sveitarfélagsins sem einnig verður tilbúið á vormánuðum. Nýtt glæsilegt ráðhús. Þar verður rými fyrir alla skrifstofustarfsemi sveitarfélagins sem og aðra skylda starfsemi en það húsnæði gefur mikla möguleika á hinum ýmsu sviðum. Við höfum sl. ár verið með skrifstofuhaldið á fleiri en einum stað sem er mjög óhentugt. Við Hjúkrunar- og dvalarheimilið Kirkjuhvol er unnið af krafti að liðlega 1500 m2 viðbyggingu sem mun breyta og bæta alla aðstöðu og starfsemi heimilisins. Unnið er að öðrum og síðari áfanga í ljósleiðaravæðingu í dreifbýli og lýkur því verkefni á árinu 2018. Það verkefni hefur tekið lengri tíma en við áætluðum en mun skipta miklu máli fyrir þegar upp verður staðið. Veðurfar og frost í jörðu eru m.a. orsakavaldir. Höfuðstöðvar Lögreglustjóraembættisins á Suðurlandi verða á Hlíðarvegi 16 á Hvolsvelli, þar sem áður var Ráðhús sveitarfélagsins. Sveitarfélagið er að kaupa viðbótarland í landi Stórólfshvols (Stórólfsvallar) og tryggja þannig til framtíðar land vegna þéttbýlisins á Hvolsvelli. Þá er líka margt merkilegt og spennandi að gerast í Kötlu jarðvangi, m.a. í tengslum við grunnskólana í aðildarsveitarfélögunum en þetta er samvinnuverkefni Rangárþings eystra, Mýrdals- og Skaftárhrepps. Á síðasta ári var efnt til skemmtilegs líkamsræktarátaks undir stjórn meistaranemanna Anítu Þorgarðar Tryggvadóttur og Ingibjargar Steinunnar Sæmundsdóttur undir leiðsögn Janusar Guðlaugssonar þar sem íbúar 60 ára og eldri tóku þátt líkamsræktarverkefnis og er stefnt að því og endurvekja viðlíka verkefni nú í janúar. Þrátt fyrir miklar framkvæmdir gengur rekstur sveitarfélagsins vel

og eru skuldir undir landsmeðaltali sveitarfélaga t.d. hefur ekki verið tekið lán eins og gert var ráð fyrir vegna hinna miklu framkvæmda við Austurveg 4.

Mörg spennandi verkefni í ferðaþjónustu.

Það er merki um hversu blómstrandi Rangárþing eystra er þegar litið er á þær einkaframkvæmdir sem eru í gangi um þessar mundir á vegum einstaklinga og fyrirtækja. Virðuleg höll reis sem rúmar eldfjalla- og jarðskjálftamiðstöðina LAVA. Þar er sýning sem er á heimsmælikvarða. Þar er einnig glæsileg verslun Rammagerðarinnar og veitingahúsið Katla Mathús. Ferðaþjónustufyrirtækið Midgard opnaði Midgard Base Camp á liðnu ári en þar er bæði gisti- og veitingaaðstaða og nútímaleg starfsemi. Það fyrirtæki og Southcoast adventure, ásamt nokkrum öðrum ferðaþjónustufyrirtækjum bjóða uppá ævintýraferðir í Rangárþingi. Nýir aðilar munu væntanlega taka við rekstri Sögusetursins, eitt af stærri aðdráttaröflum setursins er Njálurefillinn en þar er unnið af mikilli list að útsaumi í þetta magnaða verk. Þegar er búið að sauma um 70 metra af 90 í þetta listaverk. Við ferðaþjónustufyrirtækið Björkina á Hvolsvelli er hafin bygging viðbyggingar. Undir Eyjafjöllum blómstrar ferðaþjónustan sem aldrei fyrr. Glæsilegt hótel var opnað í Skálakoti og annað á Rauðsbakka auk þess hafa aðrir aðilar rekið ferðaþjónustu af miklum myndarskap um árarraðir bæði í þéttbýlinu og í dreifbýlinu t.d. undir Eyjafjöllum, í Fljótshlíðinni og í Landeyjum. Hluti félagsheimilanna í Gunnarshólma og Njálsbúð eru eða verða nýttir sem gistiaðstaða.

Í Fljótshlíðinni er áframhaldandi uppbygging í Hellishólum og Hótel Fljótshlíð vinnur eftir Svansmerkinu og eru til fyrirmyndar í umhverfismálum. Aftur er verslað í Skarðshlíð þar sem útibú Kaupfélagsins Þórs var í eina tíð. Þrjár verslanir eru nú starfræktar á Hvolsvelli sem þjónusta m.a. bændur og búalið þar versla Fóðurblandan, Lífland og Sláturfélag Suðurlands sem er svo sannarlega hornsteinn í héraði. Hvergi er framleitt meira af mjólk í einu sveitarfélagi en einmitt í okkar og hvert nútímafjósið rís og er tekið í notkun. Það er virkilega ánægjulegt að fylgjast með því og áhuga og metnað bændanna í þessum efnum.

Engar framkvæmdir án góðs skipulags

Skipulagsmál eru grundvöllur framkvæmda. Gengið hefur verið frá deiliskipulagi í Þórsmörk, deiliskipulag við Ytri Skóga er á lokastigi og unnið er að deiliskipulagi við Seljalandsfoss og Hamragarða. Vinna við stofnun rekstrarfélags á því svæði er vel á vegi statt en þar vinna saman landeigendur þessa svæðis og sveitarfélagsins. Með gjaldtöku á þessu svæði opnast möguleikar við að móta svæðið byggja upp varnaleg bílastæði og betri aðstöðu fyrir ferðamenn. Árið 2017 er fyrsta árið í langan tíma sem sveitarfélagið þarf ekki að verja miklu fjármagni vegna þjónustu á þessu svæði.

Einhverjum kann að finnast þetta löng og ítarleg upptalning þó er enn margt óupptalið. Ekkert af þessu er sjálfsagt mál og hefur mikil vinna verið lögð í undirbúning og framkvæmdir. Flest af þessu má þakka stóraukinni ferðaþjónustu á svæðinu og trú á samfélaginu. Tækifærin eru í þeirri atvinnugrein nú um stundir og auðvitað eigum við að nýta okkur þau. Við þurfum að vinna úr þessum tækifærum í stað þess að láta ferðaþjónustuna pirra okkur en á móti kemur að ferðamennskan má heldur ekki fljóta stjórnlaust yfir landið.

Ég stend í þeirri trú og vona að fleiri séu mér sammála um að við höfum gengið til góðs, því aldrei hefur meira verðið að gerast hér um slóðir en einmitt á síðasta ári og því ári sem hefur heilsað. Horfum bjartsýn augum mót hækkandi sól og verum stolt af svæðinu okkar og öllum þeim tækifærum sem hér eru. Við erum lánsöm að búa Íslandi.

Ísólfur Gylfi Pálmason,
sveitarstjóri Rangárþings eystra.

Í 65 ár hefur Land Cruiser drottnað yfir landslaginu og nú skartar þessi fjórhjóladrifni konungur jeppanna nýju útliti, ytra sem innra. Hann státar af nýju mælaborði með stærri skjá og nýjum eiginleikum á borð við Toyota Safety Sense sem auka enn á öryggið sem alltaf hefur verið hluti af sterkbyggðri gæðahönnun jeppans sem einfaldlega toppar allt.

- **Nýr Land Cruiser 150 býðst með 33" breytingu að kostnaðarlausu**
- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Land Cruiser 150**

Kynntu þér Toyota FLEX, frábæra leið til að eignast nýja Toyota bifreið á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

3+2 ÁBYRGÐ

2 ÁRA ÞJÓNUSTA

FLEX

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

LEIÐARI

Sóknarfærin í sameiningu

Á liðnum áratugum hefur sveitarfélögum fækkað mikið eða um eitt hundrað. Á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga segir að sveitarfélögin hafi nánast frá upphafi byggðar á Íslandi verið grundvallareining í stjórnskipan landsins. Þannig séu fyrstu rituðu heimildirnar um sveitarfélögin, eða löghreppana eins og þau hétu þá, er að finna í Grágás, lögbók Íslendinga frá 12. öld. Þar segir að í löghreppi skuli vera 20 bændur eða fleiri.

Sveitarfélögin gegna veigamiklu hlutverki í stjórnskipan landsins og til þeirra hafa verið flutt stórverkefni á borð við rekstur og umsjón grunnskóla landsins. Í hugmyndum um frekari valddreifingu á milli ríkis og sveitarfélaga eru uppi áform um flutning fleiri viðamikilla málaflokka til þeirra, á borð við rekstur framhaldsskóla og mögulega löggæslunnar.

Þetta eru jákvæðar áætlanir og frekari verkefni og tekjustofnar frá ríki til sveitarfélaga tryggja betri meðferð valds og öflugri nærþjónustu á fleiri sviðum. Mestu skiptir að sanngjarnt sé gefið er varðar skiptingu tekjustofna og skattheimtu, þannig að sveitarfélögin hafi bolmagn til að sinna nýjum verkefnum.

Nokkur skriður virðist vera að komast á sameiningu sveitarfélaga á Suðurlandi. Sveitarfélög eru fyrst og fremst stjórnsýslueiningar og þær þurfa að vera í takt við tímann og breytta samfélagsgerð. Frekari verkefnaflutningur yfir til þeirra byggir á því að þau séu jafnari að stærðum en nú er og þau ráði við verkefnin, án þess að þurfa að koma þeim meira og minna öllum fyrir í byggðasamlögum sem eru hvorki lýðræðislegar né liprar stofnanir.

Lítil skref í sameiningu sveitarfélaga hafa skilað litlu og frekar orðið til þess að hægja á þróuninni um stærri og jafnari sveitarfélög í landinu. Margir horfa því til stærri sameininga á borð við sýslur eða landshluta. Spennandi verður að sjá hvort að þreifingar um sameiningu Árborgar, Flóahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps nái flugi og komi löngu tímabærri hreyfingu á þessi mál í fjórðungnum.

Eitt fylgir stórum sveitarfélögum umfram annað sem er afl til þess að draga að nýja atvinnustarfsemi. Forystumenn Fjarðabyggðar telja það til dæmis hafa legið því til grundvallar að ráðist var í stórframkvæmdir eystra að fyrst var búið að stilla saman strengi í einu öflugu sveitarfélagi. Því fylgdi máttur til stórra verka.

Suðurland er láglaunasvæði og margir byggja afkomuna á því að sækja atvinnu til höfuborgarsvæðisins. Stóra málið á vettvangi sveitarfélaganna á næstu misserum á að vera að fjölgja hér atvinnutækifærum með vel launuðum störfum í fjölbreyttri blöndu hugvits-, þjónustu- og tækniiðnaðar.

Ferðaþjónustan er stórveldi á Suðurlandi og mikilvægt er að treysta stoðir hennar með margvíslegum hætti. Ekki síst bættum vegasamgöngum. Hinsvegar þurfum við fjölbreytni í atvinnuháttum og fleiri sprota til að hækka launastigið og bæta lífskjörin. Því geta stærri og öflugri sveitarfélög skilað.

Björgvin G. Sigurðsson

Árborg komið í 9000 íbúa

Sveitarfélagið Árborg stækkar ört, en á árinu 2017 fluttu 500 íbúar í Árborg. Allir byggðarkjarnar sveitarfélagsins bæta við sig íbúum. Í byrjun árs 2018 náði Árborg þeim áfanga að íbúi númer 9000 flutti í sveitarfélagið. Þetta voru hjónin Stefán Hannes Jónsson og Bára Leifsdóttir sem fluttu í Gráhelluna á Selfossi. Þau voru skráð inn sem íbúar númer 8999 og 9000 en Bára fær titilinnn „9000 íbúinn í Sveitarfélaginu Árborg“.

Mynd: MHH

„Sveitarfélagið Árborg óskar þeim til hamingju og býður þau ásamt öðrum sem fluttu á árinu velkomin í Sveitarfélagið Árborg,“ segir á arborg.is

1. tölublað, 2. árgangur

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54 , 103 Rvk. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason.
Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is.
Auglýsingar: Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is.
Ritstjóri: Björgvin G. Sigurðsson, sími: 863-5518 netfang: sudri.heradsblad@gmail.com
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja. **Dreifing:** Íslandspóstur. **Vefútgáfa PDF:** www. fotspor.is.

Fríblaðinu er dreift í 10.500 eintökum á öll heimili á Suðurlandi.

Ari Trausti Guðmundsson, alþingismaður skrifar:

Á VIT NÝS ÁRS

Við upphaf nýs árs er vert að velta fyrir sér hvað tókst að tryggja af úrbótum í Suðurkjördæmi. Fjárlög eru ógegnsæ fyrir almenning þegar leita á að framlögum í slíkt. Sumt í lögunum er til gagns vegna úrbóta eru á landsvísu, t.d. aukið fé til Landspítalans, til vetrarþjónustu á vegum, til háskóla og til notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar við fatlaða (NPA). Eða trygging þess að ART-verkefnið gangi eftir og náttúrustofur geti starfað. Annað er staðbundið, svo sem upphaf úrbóta á Grindavíkurvegi, umbætur í Landeyjarhöfn eða aukaframlag til sjúkrastofnana í kjördæminu; þó ekki nógu hátt.

Betur má ef duga skal

Enn er langt í land með þær úrbætur sem verða að skila sér eftir áratug niðurskurðar og stöðnunar á mörgum sviðum. Það verður verkefni fjögurra ára ef ríkisstjórnin verður nægilega farsæl. Ekki vantar traust til hennar samkvæmt skoðanakönnunum, svona í upphafi vegferðar sem er um margt merkileg tilraun. Einna brýnust er vinna við að auka jöfnuð og jafnrétti með því að endurhanna bóta- og stuðningskerfin, koma skikk á húsnæðismál og minnka launamun svo bragð verður að. Umhverfis- og loftslagsmál eiga svo að lita mest allt sem gert er á þann veg að kolefnishlutlaust Ísland verði til í raun og veru. Þar þurfa opinber yfrvöld og stofnanir að lyfta mörgum og þungum steinum.

Eitt verksviðanna er ferðaþjónusta þar sem þolmörk og aðgangsstýring verða á dagskrá auk þess sem huga þarf að auknum framlögum til margra verka úr opinberum sjóðum sem aftur verður að fjármagna betur. Mikilvæg skýrsla er nú unnin, að mínu frumkvæði, á vegum ráðuneytis um þolmörk og stjórnun álags í greininni. Hún á að liggja fyrir í febrúar. Í landbúnaði og fiskveiðum er stefnt að umbótum í þágu byggða og grunnstoða þessara undirstöðuatvinnuvega.

Fyrirhyggja er góð

Freistandi er að minna á vá vegna jarðskjálfta, eldgosa og jökulhlaupa í kjördæminu. Stór hluti þess er á vásvæði, mismunandi alvarlegu eftir landssvæðum. Stóru eldstöðvarnar, Bárðabunga, Hekla, Katla, Grímsvötn og Öræfajökull eru ýmist í kjördæminu eða landshlutinn á áhrifasvæði þeirra. Þær leika allar einhvers konar forleik að umbrotum sem ekki er unnt að spá her og nú. Þess vegna ber að fagna aukinni áherslu á hættumat, viðbragðsáætlanir og mótvægisaðgerðir. Meðal annars samþykkti Alþingi að tryggja hættumati fjármögnun úr Ofanflóðasjóði til bráðabirgða á meðan verið er að koma saman frumvarpi og fjármögnunarleiðum fyrir nýjan og öflugan sjóð: Hamfarasjóð.

Ágætlega er bjart yfir árinu 2018 hér innanlands. Í víðfeðmu Suðurkjördæmi er sægur verkefna og tíu þingmenn ólíkra flokka bærilega samvinnuþýðir. Sjáum hvert við komumst og metum árangurinn við næstu fjárlagagerð. Ég sendi öllum íbúum velfarnaðaróskir í ársbyrjun.

Höfundur er þingmaður VG í Suðurkjördæmi.

Ísafold er ein stærsta prentsmiðja landsins og þjónustar daglega stóran hóp viðskiptavina. Verkefni okkar eru jafn fjölbreytt og viðskiptavinir okkar eru margir. Allt frá einföldum nafnspjöldum til bæklinga sem dreift er í öll heimili landsins. Bækur, tímarit, bæklingar og umbúðir. Við komum hugmyndum þínum í framkvæmd.

Hafðu samband og við klárum þetta saman.

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

Ísafoldarprentsmiðja er umhverfisvottuð prentsmiðja af Svaninum, norræna umhverfismerkinu. Við erum aðilar að Rammasamningi Ríkiskaupa og Rammasamningi Reykjavíkurborgar.
Við framleiðum dagblöð, bækur, tímarit, bæklinga, umbúðir, veggspjöld, bréfsefni, umslög, nafnspjöld, fjölpóst og margt fleira.

VÉLVÍK ehf
www.velvik.is

Ásgeir Magnússon, sveitarstjóri Mýrdalshrepps, skrifar:

Áframhaldandi uppbygging

Sjálfsagt finna fá ef nokkur sveitarfélög jafn mikið fyrir auknum ferðamannastraumi til landsins og Mýrdalshreppur a.m.k. ekki hlutfallslega. Þar njótum við náttúrufegurðarinnar. Stærstur hluti ferðamanna kemur hingað til að skoða stórbrotna náttúru landsins og því liggur hingað stríður straumur ferðamanna sem kallar á margvíslega aukna þjónustu og um leið á uppbyggingu og framkvæmdir. Þó ekki séu til nákvæmar tölur um fjölda ferðamanna þá má út frá þeim fjölda bifreiða sem hér fara um áætla að þeir séu a.m.k. ein og hálf milljón. Þetta eru auðvitað ánægjuleg verkefni að takast á við, en dálítið í stærri kantinum fyrir okkar fámenna byggðarlag.

Íbúum fjölgaði í Mýrdalshreppi um 11% á árinu 2017 og íbúum hefur fjölgað um 30 % frá upphafi árs 2015.

Síðasta ár einkenndist af miklum framkvæmdum í sveitarfélaginu. Hér opnaði Icewear nýja og glæsilega um 4000 m2 verslunarmiðstöð í haust og það hefði nú fyrir fáeinum misserum talist saga til næsta bæjar. Í byggingu eru nú um 35 íbúðir, en mikill skortur hefur verið á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu.

Nýtt íbúðarhús með 10 íbúðum við Sléttuveg 4

Nýtt hótel við Sléttuveg 10 - 16

Nú þegar þetta er skrifað er verið að hefja framkvæmdir við byggingu á nýju 80 herbergja hóteli sem opna á í sumar. Sú framkvæmd ein og sér kallar svo enn á byggingu íbúða fyrir a.m.k. 20 – 30 starfsmenn. Í farvatninu er svo bygging á öðru hóteli af svipaðri stærð og enn fleiri framkvæmdir bæði stærri og smærri.

Verið er að ljúka við nýjan sjóvarnargarð sem ætlað er að verja atvinnustarfsemina austast í þorpinu í Vík. Strax og fært verður vegna sjólags verður farið í að lagfæra og endurbyggja sjóvarnargarðinn sem byggður var 2011 – 2012, en hann hefur aðeins látið undan, en skilar þó sínu því ekkert landbrot hefur átt sér stað vestan þess garðs síðan hann var byggður. Kostnaður við þessar framkvæmdir er hátt í 300 milljónir og greiðir sveitarfélagið 12,5% kostnaðarins.

Á vegum sveitarfélagsins er verið er að ljúka við byggingu á fjórum íbúðum í almenna leiguíbúðarkerfinu. Þegar er flutt inn í þær fyrstu tvær og seinni tvær íbúðirnar verða tilbúnar í þessum mánuði.

Þá hefur sveitarfélagið fest kaup á þremur íbúðum af verktaka sem hér ætlar að byggja 15 íbúðir og eiga fyrstu íbúðirnar að verða tilbúnar í mars/apríl í ár. Þessar íbúðir sveitarfélagsins eru ætlaðrar í útleigu til starfsmanna, en þrátt fyrir mikla fólksfjölgun á síðustu misserum, þá vantar okkur enn fleira fólk til starfa sérstaklega sérmenntað fólk á ýmsum sviðum.

Rarik er að byggja hér nýja aðveitustöð, en allar þessar nýju stóru framkvæmdir í byggingu verslunarhúsnæðis, hótela og veitingastaða kalla stöðugt á meiri raforku og bætt afhendingaröryggi.

Verið er að byggja nýja þjónustumiðstöð við tjaldsvæðið í Vík og einnig koma þar upp fjórum minni íbúðum til útleigu fyrir ferðamenn.

Stöðugt bætast við nýir afþreyingar möguleikar fyrir ferðamenn í sveitarfélaginu. Mikil aukning hefur orðið í ýmiskonar jöklaferðamennsku, ísklifri, jöklagöngum og snjósleðaferðum. Verið er að reisa fyrsta hluta nýbyggingar yfir fjölþætta starfsemi í kringum íslenska hestinn, en hestaleiga hefur verið vaxandi afþreying ferðamanna síðustu misserin. Búið að koma fyrir svokallaðri Zip-line braut í hluta af Víkurárgili frá Grafarhól og niður að gömlu brúnni yfir Víkurá, þá er svifvængjaflug ofan af Reynisfjalli að verða stöðugt vinsælli afþreying. Einnig er verið að vinna að því að opna hér í Vík handverksbrugghús og ölstofu.

Ljóst er að ný sveitarstjórn verður að taka aðalskipulag sveitarfélagsins til endurskoðunar að loknum kosningum þar sem búið er að úthluta nánast öllum lausum lóðum undir atvinnustarfsemi og eins er að fækka verulega lausum íbúðarhúsalóðum í sveitarfélaginu.

Þessum umsvifum fylgja eðlilega nokkrir vaxtaverkir fyrir sveitarsjóð. Byggingum á fjölda nýrra íbúða og byggingum stórra hótela fylgja miklar framkvæmdir í gatnagerð og veitumannvirkjum og öðrum innviðum. Heildar fjárfestingar sveitarfélagsins á þessu ári eru áætlaðar um 243 milljónir og það tekur nokkuð í að ráðast í slíkar framkvæmdir fyrir lítið sveitarfélag, en þær verða ekki umflúnar ef tryggja á innviði samfélagsins í þessum vexti.

Stærstu framkvæmdir ársins eru: Nýbyggingar gatna með tilheyrandi lagnakerfi taka til sín stærstan hluta þessara fjárfestinga. Ekki verður heldur ekki komist hjá því að ráðast í mjög kostnaðarsamar endurbætur á fráveitukerfinu í þorpinu í Vík til að mæta þörfum þessara nýju stóru bygginga.

Auknum umsvifum og aukinni fólksfjölgun fylgja líka auknar tekjur og sem betur fer er staða sveitarsjóðs ágæt til að takast á við verkefni af þessu tagi, en eðlilega taka svona framkvæmdir nokkuð í fyrir sveitarfélag sem ekki telur nema 625 íbúa.

Því miður þá miðast enn öll opinber þjónusta ríkisins hér á Suðurlandi eingöngu við þann fjöld sem hér hefur fasta búsetu en ekki þann fjölda sem hér dvelur og það er sama hvert litið er í þeim efnum. Svo dæmi sé tekið þá eru um 625 einstaklingar með lögheimili í Mýrdalshreppi, en hér sofa á hverri nóttu yfir háannatímann 2000 - 2500 manns fyrir utan allan þann fjölda sem hér fer um og nýtur þjónustu á veitingastöðum í sveitarfélaginu eða fer í styttri ferðir með einhverjum þeirra sem bjóða uppá margvíslega afþreyingu fyrir ferðamenn.

Vegakerfið hér á okkar svæði er á engan hátt tilbúið til að taka á móti öllum þeim fjölda ferðamanna sem hér fer um. Að meðaltali var aukning umferðar um Reynisfjall milli 2016 og 2017 rúmlega 25 %, það segir þó ekki alla söguna því umferðaraukningin var langmest yfir vetrarmánuðina, aukningin í janúar var t.d. rúm 80%. Það sjá það allir að þetta getur ekki gengið ár eftir ár án þess að ráðist sé i verulegar umbætur á vegakerfinu. Öll þessi umferð fer líka um einbreiða brú á Jökulsá á Sólheimasandi sem er fyrsta einbreiða brúin sem útlendingar sjá á ferð sinni um landið og ítrekað hafa orðið þar stórslys, síðast nú í haust þegar lukkan ein réði því að ekki var um banaslys að ræða.

Eins og kunnugt er hefur lögreglan ekki á að skipa þeim mannafla sem þarf til að sinna eftirliti og þjónustu við allt þetta fólk. Því miður hefur frekar fækkað í liði lögreglumanna á Suðurlandi sem takast þar á við allan þann fjölda sem hér fer um. Það sama á einnig við um alla heilbrigðisþjónustu á svæðinu sem aðeins miðast við þann fjölda sem hér hefur lögheimili en ekki þann fjölda sem hér dvelur og þarf jafnt og heimafólk á heilbrigðisþjónustu að halda. Þau eru ófá skiptin sem okkar fámennu heilsugæslu-, löggæslu-, slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn hafa þurft að fara á vettvang stórra umferðarslysa á síðustu misserum, sem eins og gefur að skilja hefur í för með sér gríðarlegt álag á þetta fólk. Þessi öflugi hópur eru menn ársins hér á okkar svæði.

Með von um að nýtt ár verði okkur öllum gæfuríkt.

SELFOSSVEITUR

Laus staða hjá selfossveitum

Selfossveitur reka hita- og vatnsveitu Sveitarfélagsins Árborgar. Fyrirtækið er til húsa að Austurvegi 67.

Selfossveitur óska eftir starfsmanni á sviði hita og vatnsveitu til starfa sem fyrst.
Starfið heyrir undir verkstjóra vatns- og hitaveitu.

Ábyrgðar og starfssvið:
Hita- og vatnsveita:

-Öll almenn störf vegna nýframkvæmda, viðhalds, reksturs og þjónustu.
Verkþættir eru meðal annars við:
- Vatns- og orkuöflun
- Rekstur dælu- og stjórnstöðvar
- Dreifingu
- Þjónustu

- Starfsmaður vinnur bakvaktir utan venjulegs dagvinnutíma og sinnir vaktþjónustu/bilanaþjónustu:
- Móttaka bilanatilkynninga frá vaktkerfi og notendum. Úrvinnsla þeirra og skráning.
- Eftirlit með rekstri veitukerfanna

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Iðnmenntun á sviði málmiðngreina og/eða aðra menntun sem nýtist í starfi er æskileg
- Reynsla af verklegum framkvæmdum er kostur
- Hafi góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Ensku og tölvu kunnátta æskileg

Frekari upplýsingar um starfið veita Sigurður Þór Haraldsson, deildarstjóri vatns- og hitaveitu í síma 480 1500 á skrifstofutíma.
Umsókn þarf að berast í síðasta lagi 19.jan n.k.
á netfangið: ***sigurdur@arborg.is***

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

NÝ HUGSUN NÝIR TÍMAR Smart einbýli



Húsin eru 73m², þar að auki er 28m² verönd með heitum potti.Smart enbýlishús eru hönnuð með hagkvæmni að leiðarljósi, og ekki síst þarfir kaupendanna. Þau eru hagkvæmur nútímakostur fyrir einstaklinga, fjölskyldur, verktaka og leigufélög. En einnig fyrir bæjar- og sveitarfélög sem vilja taka þátt í að koma upp húsnæði á hagkvæman og skjótan hátt.

Húsin falla undir reglugerð Velferðarráðuneytisins númer 555/2016 og síðar breytingu númer 1052/2017 hvað varðar stofnframlög/styrki ríkis og sveitarfélaga fyrir leigufélög. Húsin eru framleidd og afgreidd fullbúin úr verksmiðju með baði, eldhúsi og öllum innréttingum tilbúin til flutnings í samvinnu við Samgöngustofu um leiðir á viðkomandi byggingastað.

Allar teikningar fylgja með fyrir hvern byggingastað, og einnig sérhannaðar forsteyptar sökkulundirstöður sem gerir uppsetningu húsanna mun hagkvæmari og fljótari í alla staði. Við hjá Húseiningu sjáum um flutninginn fyrir kaupendur í samvinnu við traustan flutningsaðila.

Verð við verksmiðjudyr fyrir utan flutning aðeins kr. **22.760.000** með vsk.

HÚSEINING

Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is

Ásta S. Stefánsdóttir skrifar:

ÁRBORG Í SÓKN

mynd wikimapia

Við áramót er gjarnan litið um öxl og horft til þess hvað gerst hefur á liðnu ári, en ekki síður sett niður markmið og stefnur fyrir komandi ár. Síðustu misseri hafa verið mikill uppgangstími í Sveitarfélaginu Árborg og hefur íbúum fjölgað verulega. Fjölgunin á síðustu 12 mánuðum nemur nú rúmlega 6% og hefur því fjölgað um ríflega 500 manns. Íbúatalan í sveitarfélaginu fór yfir 9.000 strax í upphafi ársins. Sjöþúsund íbúamarkinu var náð í janúar 2006 og áttþúsundasti íbúinn fæddist rúmum átta árum síðar, eða í september 2014. Við sameiningu sveitarfélaganna fjögurra sem nú mynda Sveitarfélagið Árborg í júní 1998 voru íbúar um 5.500. Fjölgunin á þessu kjörtímabili hefur því verið einstök og fjölgunin á síðasta ári langt umfram meðatal.

Íbúum hefur fjölgað í öllum byggðarkjörnum og í dreifbýlinu og eru nú íbúðarhús í byggingu hvarvetna, bæði í sveit og bæ. Umsvif á byggingarmarkaði hafa líklega aldrei verið jafnmikil og nú. Eflaust eru margar ástæður fyrir því að svo margir kjósa að velja Árbog sem búsetukost. Hátt íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu og lítið lóðaframboð hefur einhver áhrif, en hækkandi fasteignaverð hér virðist ekki hafa dregið úr straumnum.

Margir horfa til þeirrar þjónustu sem sveitarfélagið veitir þegar velja skal stað til búsetu. Sveitarfélagið Árborg veitir margskonar þjónustu sem stenst allan samanburð á landsvísu, á það við sama hvort um er að ræða þjónustu við börn og ungmenni, eldri borgara eða aðra hópa. Allt útlit er fyrir að árið 2018 verði íbúum í Árborg gott ár, þar sem þjónusta við íbúa heldur áfram að aukast og uppbyggingu í þeirra þágu verður vel sinnt. Fjárhagsstaða sveitarfélagsins er þannig um þessar mundir að mögulegt er að veita fjármunum til áframhaldandi uppbyggingar, íbúum til góða. Hvergi hefur verið offjárfest á síðustu árum, en nú þegar fjölgun t.d. leik- og grunnskólabarna blasir við er mögulegt að bregðast við því hratt og vel, eins og nánar verður rakið hér á eftir.

Á síðustu árum hefur fræðslusvið sveitarfélagsins verið eflt verulega. Í kjölfar úrsagnar úr byggðasamlagi um skólaþjónustu var ráðinn fræðslustjóri og margvísleg þjónusta sérfræðinga við börn og foreldra þeirra stóraukin og gerð markvissari. Verkefni sem unnin hafa verið undir hatti fræðslusviðs unnu nýverið til verðlauna og víða hefur mátt sjá árangur starfsins. Áhersla hefur verið á að bæta möguleika til að nota tölvur í skólastarfi og er ljóst að sú þróun mun halda áfram.

Framundan er stækkun á leikskólanum Álfheimum til að fjölga megi leikskólaplássum og losa eldra bráðabirgðahúsnæði. Þá er hafinn undirbúningur að byggingu nýs skóla í væntanlegu íbúahverfi í Björk og er áætlað að fyrsti áfangi verði tekinn í notkun haustið 2020. Til að ráða við nemendafjölgun næstu tvö ár verður byggt yfir svonefnda útigarða í Vallaskóla og kennslustofum þar fjölgað. Einnig verður byggt um 550 fermetra kennslurými við Sunnulækjarskóla, horft er til þess að það rými megi taka til annarra nota þegar nýtt skólahúsnæði verður risið í Björk. Reyndist það hagkvæmari kostur en að koma upp bráðabirgðahúsnæði.

Þjónusta við börn og ungmenni á sviði íþrótta- og tómstunda er mjög góð. Óvíða á landsbyggðinni er annað eins framboð íþróttagreina og annars tómstundastarfs, svo sem innan raða skáta, björgunarsveitar, félagsmiðstöðvar og ungmennahúss. Sveitarfélagið styður myndarlega við starfsemi íþróttafélaga og annarra tómstundafélaga, bæði með beinum fjárframlögum og með endurgjaldslausum afnotum af húsnæði. Á næsta ári verður ráðist í byggingu knatthúss með frjálsíþróttaaðstöðu og endurbætur gerðar á íþróttahúsinu Iðu til að handboltadeildin geti nýtt það fyrir sína starfsemi. Við þessar breytingar losnar um tíma í íþróttahúsum, sem hafa verið mjög ásetin. Nýverið var gerður samningur við UMFS til fimm ára þar sem framlög eru aukin verulega til að efla enn frekar íþróttastarfið. Þá hafa framlög til tónlistarskóla verið aukin til að bregðast við mikilli ásókn í tónlistarnám. Á haustdögum 2018 verður sett af stað verkefni sem snýr að aukinni þjónustu við börn í íþróttum og tómstundum eftir skóla, þ.e. svonefndur frístundastrætó. Þá hækka hvatagreiðslur frá og með áramótum.

Innan félagsþjónustu er aukinn stuðningur við fjölskyldur sem þurfa á þjónustu ráðgjafa og barnaverndar að halda. Áhersla er á að bregðast snemma við og aðstoða foreldra við að takast á við áskoranir í foreldrahlutverkinu, auk þess sem ungmenni sem ekki ná að fóta sig á vinnumarkaði fá aukna aðstoð við að öðlast starfsreynslu og komast út í atvinnulífið í stað þess að festast á fjárhagsaaðstoð. Málefni fatlaðra fluttust yfir til sveitarfélaganna árið 2011 og hefur þjónustan gengið vel. Helst hefur skort ný búsetuúrræði fyrir ungt fólk, en vonir standa til þess að á næsta ári verði hafist handa við byggingu nýs búsetukjarna á Selfossi.

Eitt af meginánhersluatriðum bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í upphafi kjörtímabilsins var að stuðla að uppbyggingu fyrir aldraða. Sú stefnmörkun bar árangur og er nú unnið að byggingu húsnæðis fyrir félagsaðstöðu aldraðra og dagdvöl. Á vordögum verður flutt í hið nýja húsnæði og mun þá aðstaða fyrir félagsstarf eldri borgara taka stakkaskiptum og unnt verður að veita fleirum þjónustu innan dagdvalar í rýmra og betra húsnæði. Þá verður hafist handa við byggingu hjúkrunarheimilis og er nú unnið að hönnun heimilis sem rúmar 60 íbúa og valda mun straumhvörfum í þeirri þjónustu hér á svæðinu. Vænta má þess að hönnunarvinnu ljúki í ágúst og að framkvæmdir hefjist með haustinu.

Á sviði umhverfismála má nefna að nú er unnið að uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafbíla og verða þær staðsettar í öllum byggðakjörnunum. Þá hefur verið tekið upp nýtt kerfi í sorpflokkun og geta íbúar nú sett pappír, hreint plast og málma í bláu tunnuna og var tíðni losunar jafnframt aukin. Á fyrsta fjórðungi nýs árs verður gerð breyting á opnunartíma gámasvæðisins við Víkurheiði og þjónusta þar með aukin. Auk þessa er nú unnið að útskiptum á gömlum lömpum í götuljósum og umhverfisvænni LED lýsing sett í staðinn. Þá má nefna að nú stendur yfir vinna við mat á umhverfisáhrifum hreinsistöðvar fráveitu og er athugasemdafrestur við drög að matsáætlun til 15. janúar n.k.

Áfram verður haldið lagfæringum á götum og lögnum í eldri hverfum, enda brýnt að láta ekki staðar numið við það verkefni. Samhliða eru gangstéttar lagfærðar. Verkefni sem snýr að gangstéttargerð og endurnýjun götulýsingar á Eyrarbakka verðu framhaldið. Þá verður haldið áfram að leggja göngustíga, m.a. stíg frá Selfossi, meðfram Eyrarbakkavegi, sem tengja mun byggðakjarnana, um er að ræða samstarfsverkefni með Vegagerðinni og er áætlað að það standi í þrjú ár. Göngustígagerð er verkefni sem stuðlar að bættri lýðheilsu með aukinni hreyfingu íbúa, sem eru afar duglegir að nýta það göngustíganet sem víða hrískast um sveitarfélagið.

Þrátt fyrir að fjarskiptamál séu almennt ekki meðal meginverkefna sveitarfélaga hefur Sveitarfélagið Árborg hafið undirbúning að lagningu ljósleiðara í dreifbýli. Verkefnið nær í fyrsta áfanga til þess hluta sveitarfélagsins sem áður tilheyrði Sandvíkurhreppi. Jafnframt beitir bæjarstjórn sér fyrir því að fjarskiptafyrirtæki hefjist handa við ljósleiðaralögn í þéttbýlinu, enda er öruggt og gott netsamband meðal þeirra grunnþarfa sem krafa er gerð um í dag.

Ég óska lesendum gleðilegs nýs árs og þakka fyrir samfylgdina á árinu sem er að líða.

Ásta Stefánsdóttir,
bæjarfulltrúi og framkvæmdastjóri
Sveitarfélagsins Árborgar.

Fyrstu bækur Sæmundar 2018 eru komnar í búðir

Upprunaleg gerð af Pilti og stúlku gefin út og ævisaga Stalíns eftir Edvard Radzinskij

Fyrstu bækur nýs árs eru komnar í verslanir en Sæmundur dreifir þessa dagana tveimur harla ólíkum bókum sem báðar munu þó gleðja lestrarhesta og vera kærkomnar á skiptibókamarkaðinn.

Piltur og stúlka

Annarsvegar er hér um að ræða nýja útgáfu af Pilti og stúlku þar sem endurprentuð er í fyrsta sinn upprunaleg gerð bókarinnar eins og hún birtist í frumútgáfunni vorið 1850.

Útgáfan nú er í tilefni af 150 ára ártíð Jóns Thoroddsen en um leið eru 200 ár frá fæðingu skáldsins. Már Jónsson prófessor í sagnfræði sem er fjórði maður frá Jóni hafði veg og vanda af útgáfunni og ritar greinargóðan inngang um tilurð þessarar fyrstu nútíma skáldsögu Íslendinga og höfund hennar.

Í bókarauka eru birtir nokkrir textar eftir Jón Thoroddsen, þar á meðal brot úr skáldsögu sem hann lauk aldrei við. Jafnframt birtist hér áður óþekkt gerð tveggja vinsælla kvæða Jóns, Vögguvísu og Búðarvísna, sem eru í Pilti og stúlku en hafa nú fundist í eldri útfærslu í handritum.

Stalín – ævi og aldurtili

Ævisaga Stalíns eftir rússneska sagnfræðinginn og sjónvarpsmanninn Edvard Radzinakij þykir hin merkasta af öllum þeim fjölda ævisagna sem komið hafa út um hinn goðumlíka harðstjóra. Bókin er í senn afrakstur eigin reynslu höfundar og áratuga rannsókna sem dregið hafa fram í dagsljósið ýmis áður óþekkt atriði sögunnar. Þar má nefna samspil Stalíns og keisarastjórnarinnar á árunum fyrir byltingu, trúarlegar tilvísanir í harðstjórn Stalíns og pólitískum hreinsunum, útrýmingu lenínistanna í uppbyggingu ríkisins, kaldrifjaðan undirbúning þriðju heimsstyrjaldarinnar og að lokum frásagnir af dularfullum dauða hins goðumlíka einræðisherra.

Í bók Radzinskijs birtist Stalín ekki einasta sem takmarkalaus harðstjóri heldur einnig sem ótrúlega fær stjórnmálamaður, sem teflir flókna skák þar sem hann einn hefur stjórn á skákborðinu. Ekki bara þegar hann á við undirsetta og hrædda samstarfsmenn heima í Sovétríkjunum, heldur einnig þegar á skákborði hans eru þjóðarleiðtogarnir Hitler, Churchill og Roosevelt.

Þannig setur höfundur árás Þjóðverja á Sovétríkin í nýtt samhengi og dregur fram miskunnarlausa stjórnkænsku Sovétleiðtogans í samstarfi hans við Vesturveldin á stríðsárunum og á árunum fyrst eftir stríð. Í meðförum Radzinskijs verða hinar endalausu bakstungur og aftökur innan Kremlarmúra ekki bara frásögn af blóðþorsta og djöfulskap, heldur einnig sannfærandi lýsing á lífi þess sem er ekkert heilagt í sókn sinni eftir alræðisvaldi, jafnt heima fyrir og á heimsvísu.

Edvard Radzinskij rithöfundur er fæddur í Moskvu 1936 og hefur ritað fjölda bóka um söguleg efni. Auk bóka um Stalín hefur hann skrifað ævisögur Raspútíns og Rússlandskeisaranna Nikulásar II. og Alexanders II. Haukur Jóhannsson þýddi.

Bókarkafli: Piltur og stúlka

Piltur og stúlka í upprunalegum búningi

Blaðið grípur hér ofan í söguna þar sem hjónin í Tungu kíta um uppeldi barna sinna. Millifyrirsagnir eru blaðsins.

Prestsefni sem sefur

„Seint stígur Ormur frændi úr rekkju, og líst mjer að þú vekir hann til skattsins, hann gjörir ekki annað hvurt sem er enn matast; nú er hann þegar sextán vetra og kann þó ekki að bera ljá í gras, margur myndi mæla það, að þroski hans sje svo mikill orðinn að hann gæti hjakkað af einhvurjum þúfnakollinum, þarsem allir aðrir eru eitthvað að gjöra.“

„Og jæa! honum þykir gott að lúra á mornana ríunni, enda mun verða önnur iðja og ákvörðun hans enn að gánga út í túnið með kallmönnunum að orfinu.“

„Bíddu nú við! hann er ekki orðinn klerkur enn þá, mjer sýnist þeir verði ekki allir prestar, sem kennt er.“

„Vissi jeg það að hann Ormur minn yrði ekki prestur,“ seigir Íngveldur, „þá skyldi jeg ekki hafa eggjað þig á að láta kenna honum, enn jeg vona að guð minn góður heyri mína bæn, og láti hann verða prest og komast á eitthvað gott brauð hjerna einhvurstaðar nálægt okkur, og heldurðu þá að hann þurfi að slíta sjer út við orfið?“

„Ekki tekur til nema þurfi, og er honum eingin skömm eða skaði að kunna til verka; enn það er ekki í fyrsta sinni að þú mælir alt eptir honum.“

„Eins og þú eptir henni Siggu.“

„Þetta er nú barn enn þá krakkinn, og er ekki von til að hún geti miklu afkastað.“

„Hún gæti þó setið hjá stelpan, á daginn, þetta varð jeg að gjöra á hennar aldri, og hennar Guðrúnar þarf jeg við heima við bæinn.“

Um þetta kíttu þau hjónin nokkra stund, enn sá varð endir málanna, að Ormur fór með föður sínum út í tún, og voru honum feingnir nokkrir þúfnakollar til að reyna sig við; enn Sigríður litla varð í fyrsta sinni að labba eptir fjenu fram fjárgötur, fremur hrygg í huga, með askinn sinn í hendinni. Hún var þá á níunda árinu, og heldur lítil vexti eptir aldri. Móðir hennar hvísladi að henni áður enn hún fór á stað: „þú verður hýdd kindin þín! ef þú kemur ofsnemma heim í kvöld, eða ef þú tínir nokkru af fjenu.“ Guðrún vinnukona var látin fara með henni til þess að sýna henni hvar hún ætti að halda fjenu til haga. „Vertu ekki að skæla telpa mín,“ sagði Guðrún, „þú þarft ekki að hræðast huldufólkið á dalnum, það gjörir þjer ekkert mein.“

Þessi huggunarorð voru ekki til annars enn að rifja upp fyrir Sigríði allar sögurnar, sem hún hafði heyrt um hann Álfhól og hann Draugahvamm, það voru tvö örnefni þar á dalnum. Að lítilli stundu voru kindurnar runnar fram eptir götunum; enn er þær voru komnar þar sem grænu hjallarnir breiðast út, tóku þær að dreifa sjer um börðin og lágarnar og fóru að bíta blómgresið.

Jeg dey útaf úr hræðslu!

„Hjerna áttu nú Sigga mín! að láta fjeð vera,“ seigir Guðrún, „þú átt að hafa gætur á, að það hverfi ekki upp af brúninni, enn fram eptir hlíðinni er óhætt að það fari; þú skalt ekki hnappsitja það, því þá dettur úr því nytin; þegar forsælan er komin ofan í slakkann þarna, þá er tími til fyrir þig að fara að hóa því saman, og gáðu að, að ekki verði eptir í lautunum; varaðu þig á henni stóru Bíldu, hún er vön að læðast upp með gilinu, og hefur gjört mjer það tvisvar sinnum, svo jeg varð að elta hana upp á fjall, skituna þá arna; sigaðu honum Lubba ekki mikið á ærnar, honum er hætt við að hrifsa í þær, og vertu nú sæl!“

„Æ! farðu ekki undireins frá mjer Gunna mín!“ sagði Sigríður litla hálfkjökrandi, „jeg dey útaf úr hræslu og leiðindum.“

„Vertu ekki að neinu voli stelpan þín!“ sagði Guðrún og reif sig af henni og hljóp sem fætur toguðu, og var horfin á svipstundu. Brjóst Sigríðar litlu þrútnaði þá af svo miklum ekka, að henni fanst það ætlaði að springa; tárin flutu niður um litlu kinnarnar; henni sortnaði fyrir augum, enn fæturnir gátu ekki valdið þúnga líkamans; hún hnje niður þar sem hún stóð, og grúfði sig niður að jörðinni og grjet hátt; loksins varð hún svo þreytt af að gráta, að hún sofnaði út af, og þá dreymdi hana að henni þótti koma til sín maður í hvítum klæðum, hann strauk um augun á henni, og mælti: „Jesús Kristur huggar góðu börnin, sem gráta“; við þetta vaknaði hún, og varð henni það fyrst, að hún þreifaði með hendinni um kinn sjer, og fann að hún var ekki vot, enn nokkuð sár og bísna heit, einnig fann hún til dálítils höfuðverkjar; brjóst hennar var ljettara, og hjartað barðist ekki af ekka, enn enn þá stirndi í bláu augun litlu; sá sem þá hefði komið í lautina þar sem Sigríður sat, og litið í augu hennar, myndi hafa sagt við sjálfan sig: „hvurnin stendur á því, að sólin blessuð, sem skinið hefur hjer í allan dag, hefur ekki getað þerrað daggperlurnar af bláfjólunum tveimur, sem allra fallegastar eru hjerna í brekkunni.“

Ótti sá og skelfíng, sem verið hafði í Sigríði litlu áður enn hún sofnaði, var nú að miklu leiti horfinn, eða ▶

Umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning 2018

Sveitarfélagið ÁRBORG

Samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016 þarf að sækja um sérstakan húsnæðis-stuðning til sveitarfélaga.

Almennan húsnæðisstuðning skal sækja um til **Íbúðalánasjóðs á vefsíðunni husbot.is.**

Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, félagsþjónustu Árborgar heimild til að afla upplýsinga frá opinberum aðilum, svo sem Vinnumálastofnun, skattyfirvöldum, Þjóðskrá Íslands, Lánasjóði íslenskra námsmanna og sýslumönnum. Sama gildir um heimild til að afla upplýsinga frá öðrum aðilum, svo sem viðurkenndum menntastofnunum innan hins almenna menntakerfis og leigusölum íbúðarhúsnæðis, sem nauðsynlegar eru við afgreiðslu umsóknar. Hið sama á við um öflun nauðsynlegra upplýsinga frá sambærilegum aðilum erlendis þegar við á.

Ath.:
Umsókn skal hafa borist félagsþjónustu Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, eigi síðar en 20. janúar 2018.

Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir
félagsmálastjóri

hafði ekki ráðrúm til að vinna á hana, því hún var nú að hugsa um það, sem hana hafði dreymt; hún setti sig síðan niður í brekkuna og fór að lesa bænir sínar, og las þær upp aptur og aptur, og fanst henni nú sem hún feingi af því nokkra hugsvölun; enn er þetta hafði geingið nokkra hríð, heyrðist henni alt í einu sem hundar geltu hinsvegar í dalnum; hún reis þá á fætur og gekk upp á hæð eina, sem stóð þar nálægt brekkunni og litaðist um; alt var kyrrt og tómt í dalnum; sólin var farin að lækka á himninum, og kvöldskuggarnir voru farnir að færast ofan eptir vestari hlíðinni, og nærri því komnir ofan í slakkann.

Álfar og sauðsvartur drengur

Sá þá Sigríður að hún hafði sofið furðu leingi, og datt henni nú í hug það sem Guðrún hafði sagt henni, að hún skyldi fara að reka fjeð saman þegar forsælan væri komin ofan í slakkann; enn sem hún nú var að hugsa um þetta með sjer, varð henni litið yfir um ána, og í hvamm einn þar á móti; þar var hóll einn í miðjum hvamminum og grár steinn efst á hólnum, og sýndist Sigríði piltur svartklæddur koma út úr honum, og hverfa skjótara enn auga væri rent, upp eptir hvamminum. Nú fór Sigríði ekki að lítast vel á blikuna, og vildi nú sem fyrst vera komin burt úr dalnum; hjarta hennar fór að berjast um í brjóstinu af hræslu, enn í sama bili heyrir hún hóað hinumeigin í dalnum svo hátt, að ómaði í báðum hlíðunum. Lubbi Sigríðar hafði leigið um daginn þar í brekkunni fram á lappir sínar ekki lángt frá Sigríði, enn er hann heyrði hóið bergmála í klettunum, stökk hann upp, hristi sig og bretti eyrun, og tók alt í einu undir sig fætur og var horfinn Sigríði á svipstundu. Kindurnar stukku úr hlíðargeirunum og hlupu allar saman í einn hnapp rjett hjá brekkunni. Sigríður tók þá í skyndi að kasta á þær tölu, og taldist henni einga vanta. Meðan Sigríður var að telja var forsælan komin ofan í slakkann, og fór hún þá að reka heim, og kom með fjeð á bólið í þann mund, sem vant var að mjalta á kvöldin og var eingrar áar vant; þótti mönnum Sigríði litlu hefði tekist vel hjásetan í fyrsta sinni.

„Þessi huggunarorð voru ekki til annars enn að rifja upp fyrir Sigríði allar sögurnar, sem hún hafði heyrt um hann Álfhól og hann Draugahvamm, það voru tvö örnefni þar á dalnum.

Höfundurinn
Jón Thoroddsen

Næsta dag, er Sigríður skyldi sitja hjá, fór hún ekki eins hrygg á stað, eins og hinn fyrra daginn; þó gat hún ekki gjört að sjer allajafna á leiðinni fram eptir að vera að hugsa um álfafólkið á dalnum og um sauðsvarta dreinginn, sem hún hafði sjeð daginn áður. Þegar hún kom í brekkuna þar sem hún hafði verið daginn áður, settist hún niður, lagði að sjer hendur, og fór að lesa bænir sínar; enn er hún hafði lesið um hríð, varð henni litið yfir ána, sjer hún þá hvar rann þjettur fjárhópur fram með ánni hinumeigin, enn eptir fjárhóp þessum fór piltur dálítill á stærð við þann, sem hún hafði sjeð daginn áður, enn pilturinn var ekki eins klæddur, hann var á hvítum brókum og svartri peysu með röndótta húfu á höfðinu. Sigríður starði á hann um stund, enn sagði síðan við sjálfa sig: „piltur þessi getur ekki verið álfabarn, það verður að vera einhvur smalapiltur.“

Úr brekkunni, sem Sigríður var í, var allskamt ofan að ánni, áin var þar ekki breið og fjell þar fram á millum tveggja klettasnasa, er hófust lítið eitt upp yfir árbakkana. Sigríður gekk fram á snösina sín meigin og stóð þar. Kindurnar liðu hægt og hægt og smábítandi undan piltinum, enn hann fór spölkorn á eptir; og er hann kemur þar móts við, sem Sigríður stóð við ána, verður honum litið yfir um, og sjer að þar stendur kvennmaður ekki allstórvaxin; hann nemur þá staðar og starir um stund á hana, enn hleypur síðan fram að ánni og kallar á Sigríði og spyr hana að heiti.

„Sigga Bjarnadóttir heiti jeg.“

„Smalar þú þar i Túngu?“

„Jeg á að sitja hjá; enn hvað heitir þú?“

„Indriði frá Hóli heiti jeg, og sit hjá eins og þú.“

„Leiðist þjer ekki að sitja hjá einsamall?“

„O nei! ekki svo mikið þegar gott er veðrið, enn hvar er húsið þitt?“

„Jeg á ekkert hús enn þá hjerna fram frá; átt þú nokkuð hús?“

„Já hjerna inn í hvamminum, og þar sit jeg á daginn og er að smíða, það er svo stórt, að við gætum verið þar bæði, og staðið upprjett; enn það er ílt að þú getur ekki komið yfir um til mín, þá skyldum við leika okkur saman, því jeg sje að þú ert lítil eins og jeg, eða leiðist þjer ekki á daginn þar sem þú átt ekkert hús?“

„Jú, mjer leiðist ósköp“, seigir Sigríður, „og svo er jeg svo hrædd við álfafólkið, sem hve vera hjerna á dalnum.“

„Hjer er ekkert álfafólk, held jeg“, sagði Indriði, „eða hefurðu sjeð nokkuð af því?“

„Já, jeg sá í gær svartan strák svo ljótan skjótast þarna út úr gráa steininum, sem stendur þarna inní hvamminum.“

„Þar er einginn grár steinn! það er húsið mitt, sem stendur þarna á hólnum, kelli mín! og það hefur líklega verið jeg, sem þú sást; enn nú verð jeg að fara og hóa kindunum dálítið leingra fram eptir og svo kem jeg aptur, því mjer þykir gaman að tala við þig.“ ...

Iðnaðarmenn og aðrir, kerrurnar frá HUMBAUR hafa margsannað sig á Íslandi!

Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452, - án vsk.

Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.

750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229.839,- án vsk.

750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201.612.- án vsk.

750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169.355.- án vsk.

Startrailer 750kg, gerð 1280, mál: 205x109,5x30cm. Verð kr: 120.888,- án vsk.

Nýtt á Íslandi frá WÖRMANN world of trailers kerrum

Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.

Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718

SMIÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI

Tæki til vetrarþjónustu



Wendel

Tangarhöfða 1
110 Reykjavík

Sími 551 5464
Fax: 551 4531

wendel@wendel.is
www.wendel.is

Bókarkafli: Stalín – ævi og aldurtili

Um óvini fólksins og ofsækjendur þeirra sem hurfu sporlaust!

Stalín ævi og aldurtili heitir sjöhundruð síðna kilja í stóru broti sem kom út nú í janúar. Höfundur er rússneski sagnfræðingurinn Eddvad Radzinskij en útgefandi er Sæmundur á Selfossi. Í bók Radzinskijs birtist Stalín ekki einasta sem takmarkalaus harðstjóri heldur einnig sem ótrúlega fær stjórnmálamaður, sem teflir flókna skák þar sem hann einn hefur stjórn á skákborðinu. Ekki bara þegar hann á við undirsetta og hrædda samstarfsmenn heima í Sovétríkjunum, heldur einnig þegar á skákborði hans eru þjóðarleiðtogarnir Hitler, Churchill og Roosevelt. Í meðförum Radzinskijs verða hinar endalausu bakstungur og aftökur innan Kremlarmúra ekki bara frásögn af blóðþorsta og djöfulskap, heldur einnig sannfærandi lýsing á lífi þess sem er ekkert heilagt í sókn sinni eftir alræðisvaldi, jafnt heima fyrir og á heimsvísu.

Blaðið birtir hér með góðfúslegu leyfi stuttan kafla úr bókinni.

„GLEÐILEGT ÁR 1937“

Þegar Húsbóndinn var að undirbúa ógnarstjórnina velti hann mikið fyrir sér stöðu skapandi listamanna. En Bálið helga átti að vinna bug á dulinni andstöðu þeirra.

Árið 1936 byrjaði hann heiftarlega sókn gegn menningunni. Lýst er yfir „perestrojku á listasviðinu“, hafið er átak fyrir „list sem milljónir erfiðismanna fá skilið“. Undir þessu kjörorði er gert út af við leifar framúrstefnunnar.

Shostakovitsj var tekinn fyrir 28. janúar í Prövdu undir fyrirsögninni „Tjasl í stað tónlistar“, þar er nídd niður ópera hans Lafði Makbeð Mtsensk-sýslu. Það fer ekki á milli mála hver stendur að baki þessari nafnlausu grein ... Allir urðu að lesa greinina, flokkurinn sá til þess. Fólki varð tíðrætt um Shostakovitsj – í biðröðum og í jarðlestinni er rætt um tónskáldið illa innrætta. Á fjölmennum fundum verkalýðsins áfellast menn „óvini fólksins“, síðan er óperan sem enginn fundarmanna hefur séð einróma fordæmd.

Stórskotahríðin dynur látlaust, allt árið er verið að kjöldraga menn. Gagnrýnendur flokksins formæla óflokksbundnum rithöfundum linnulaust.

Literatúrnaja gazeta ráðleggur Pasternaki að „velta fyrir sér hvert hún liggi sú leið oflátungsháttar og tilgerðarlegs grobbs sem hann temji sér“. Og í Moskvu kvisast: Skáldið nýtur nú síðustu daga frelsisins.

> *Á þessum nerósku tímum blóðbaðs og mannshvarfa lýsir hún því líka að haldin hafi verið endalaus „teiti til morguns ... með leikjum og gestum“*

Í Prövdu birtist ritstjórnargreinin „Ytri ljómi og ótækt innihald“ – þar er leikrit Búlgakovs, Molière, fordæmt. Og kona hans skrifar sorgmædd í dagbókina: „Hlutskipti Mishu liggur ljóst fyrir. Hann verður einn á báti og hundeltur alla sína daga.“

Hugverkaógnin stóð í ár, en hvorki Shostakovitsji, Pasternaki né Búlgakovi var stungið inn.

„Nýár ... við komum heim ... brutum svo með bresti bolla með áletruninni 36. Guð gefi að nýja árið 37 verði gleðilegra því gamla!“ skrifaði kona Búlgakovs.

Árið 1937 sagði Húsbóndinn: Gott og blessað. Listastjórar flokksins og gagnrýnendur höfðu unnið sína vinnu; hugverkaskothríðin hafði hrætt menntaspírurnar. Nú voru það fordæmendur sem þurfti að taka til bæna í samræmi við áætlun um eyðileggingu gamla flokksins.

Árin ægilegu, 1937 og 1938, hverfa þeir stanslaust hver af öðrum, ofsækjendur Pasternaks og Búlgakovs – allir voru þeir áður stjórnendur í RAPPi. Menntastjóri TsK var líka skotinn – gamli bolsévikinn Kerzhenskij. Úr flokknum voru reknir fornir fjendur Búlgakovs – skáldið Bezymjenskij og leikritahöfundurinn Afinogenov.

Gagnrýnendur flokksins hverfa einn af öðrum í Næturheiminn, og kona Búlgakovs skrifar snortin hvað eftir annað eitthvað í þessa veru í dagbókina: „Í Prövdu er hver greinin eftir aðra þar sem þeir kútveltast hver um annan þveran (svo telur hún þá upp af hrifningu – E.R.). Notalegt að hugsa sér að refsinornin sé að láta til sín taka.“

„Makleg málagjöld: í blöðunum er herfilega skrifað um Kirshon“ (einn af helstu leikritunarskörungum flokksins – E.R.).

„Fórum út að ganga. Hittum Oljoshu. Hann hvetur Mishu til að fara á samkomu leikritahöfunda í Moskvu sem byrjar í dag, þar á að gera upp sakirnar við Kirshon.“

En Búlgakov neitar að ofsækja ofsækjendur sína.

„Allir sem lesa blöðin halda að núna ... fari ástandið að breytast Mishu í hag“ – þannig skynjaði hún árið 1937! Og margir í Moskvu hrósa happi að með þessum ofsóknum hafi bölvaðri byltingunni lokið.

SKÁLDSAGA UM HÚSBÓNDANN

„15. maí las Misha úr sögunni um Woland“ ...

Nei, það var ekki að ófyrirsynju að Búlgakov skrifaði þessa sögu – Meistarann og Margarítu. Höfuðpersóna sögunnar er, eins og kunnugt er, djöfullinn, og er látinn heita Woland. En þetta er sérstakur djöfull. Sagan hefst á tilvitnun í Goethe: „... og hver ert þú eiginlega? – Ég – er af því afli sem vill öllum illt, en gerir ævinlega öllum gott.“

Þegar hann birtist í Moskvu veitir Woland öllu sínu djöfullega afli til auðmanna sem leggja stund á lögleysur. Woland gerir líka upp sakirnar við ofsækjendur mikils rithöfundar – Meistarans.

Undir brennheitri sumarsólinni 1937, dagana sem Moskvuréttarhöldin stóðu yfir, þegar annar djöfull var að gera út af við djöfullegan flokk, meðan bókmenntalegir fjendur Búlgakovs voru að tína tölunni hver af öðrum, þá var Meistarinn að skrifa skáldsögu sína ... Svo það liggur beint við hver var fyrirmyndin að Wolandi.

Búlgakov var eins og aðrir þekktir rithöfundar undir stöðugu eftirliti NKVD og umkringdur uppljóstrurum. Húsbóndinn sem allt vissi hlýtur að hafa vitað af þessari skrítnu skáldsögu sem oft var lesið úr upphátt fyrir gesti í íbúðinni, en hrifning Búlgakovs af gjörningum djöfulsins hefur greinilega fallið Húsbóndanum vel í geð.

Kannski var það þess vegna sem Stalíni hugkvæmdist að panta hjá Mikhaíli Búlgakovi leikrit um Leiðtogann?

Kona Búlgakovs heldur áfram að lýsa skelfingum ársins 1937:

„6. júní. Var að lesa Prövdu ... stökk til að vekja Mishu ... Þeir eru búnir að handtaka Arkadjev leikhússtjóra í MKhT. ... Dmitrijev málari (sem hann var búinn að lofa íbúð) hló eins og fífl þegar hann lýsti því hvernig Knipper-Tsjekhova ... hefði staðið á öndinni þegar hún tróð upp á hann blaðinu með fréttinni um Arkadjev. Misha sýndi mér hvernig hún stóð í hvítum sloppi og neri saman höndunum alveg miður sín.“

Og þau hlæja bara! Fólki finnst varla tiltökumál lengur að einhver sé skotinn – nema konum frá nítjándu öld, eins og gamaldags ekkju Tsjekhovs ... Nýja menntakynslóðin kýs frekar hláturinn. Og í þessum hlátri er eitthvað – djöfullegt ...

„12. júní. Frétt í Prövdu um að Túkhatsjevskij og allir hinir verði skotnir.“

Á þessum nerósku tímum blóðbaðs og mannshvarfa lýsir hún því líka að haldin hafi verið endalaus „teiti til morguns ... með leikjum og gestum“, og að farið hafi verið á Moskvuána í kajakferðir – í „óbærilegri hitasvækju“ þessa blóðuga sumars ...

En þótt þau deyfi hryllinginn ▸

Hljóðsokkar á stóla

Dempar hljóð um allt að 18dB.
Minnkar slit á gólfi.
Má þvo í þvottavél.
Mjög létt að setja á og taka af.
Bráðnauðsynlegt í skóla, mötuneyti og allstaðar þar sem að fjölmenni kemur saman.

Verð 862 kr. stykkið
(Þrír litir)

Leitið tilboða í stærri kaup
www.stalidjan.is

STÁLIÐJAN
Stálhúsgögn og alhliða stálsmíði

Stáliðjan ehf - Smiðjuvegi 5, 200 Kópavogi - Sími 564 5885 - www.stalidjan.is

Gleðilegt nýtt ár

og þökkum samfylgdina á liðnu ári

Sveitarfélagið ÁRBORG

SET
Set ehf • Röraverksmiðja

Kjörís

Vélaverkstæðið Þór ehf.
Norðursundi 9 · 900 Vestmannaeyjar
Sími 481 2111
Netfang: thorvel@simnet.is
Vefang: www.velathor.is
Stofnað 1964

HUGINN

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

Skinney - Þinganes hf

Sveitarfélagið Hornafjörður

EFLING
STÉTTARFÉLAG

HOTEL SELFOSS

Á sældardögum fyrstu réttarhaldanna var vandinn leystur með afneitun: kona og börn lýstu fjölskylduföðurinn illmenni.

Höfundurinn
Edvard Radzinsky

vegna ofbeldisverkanna á vegum Wolands, og reyni að hugsa sér að það sé „óþverrafólkið sem ferst“, þá kemur það fyrir glaðlynda Búlgakov, eins og konan lýsir í dagbókinni, að „hann er aftur orðinn hræddur við að ganga einsamall úti“.

Um þetta leyti prentuðu blöðin endalausa fagnaðarpistla sovéskra rithöfunda um réttarhöldin. Pasternak hefur líklega verið sá eini sem dirfðist að neita að skrifa undir áskorun um að „kvikindi, svikarar og njósnarar“ yrðu skotnir. Barnshafandi konan grátbað hann, kraup á kné, en skáldið lét ekki segjast ... Samt lofaði Húsbóndinn honum að lifa. Í bili.

Mandelstami fyrirgaf hann ekki þótt hann reyndi að bera hönd fyrir höfuð sér, orti jafnvel lofkvæði til Leiðtogans ... En skáldið fyrrverandi tók ekki við þessum vondu kvæðum – hann gleymdi samt ekki þeim góðu. Hann var að hreinsa landið og gat ekki skilið eftir mann sem hæddist að Guð-Stalíni. Mandelstam var handtekinn við maíhátíðahöldin – þegar hæst stóð fjöldafylliríið 1. maí 1938.

Margar ófagrar sögur eru sagðar af dauða hans.

Í búðunum varð frávita Mandelstam, þetta stóra barn, fljótlega lifandi nár. Hann þoldi ekki taugaveikina. Samfangi hans, Júrij Moisejenko, segir svo frá: „Hann var svona fjóra daga með taugaveiki, lá hreyfingarlaus, það vætlaði horinn, fyrirgefið, úr nefinu á honum og hann snýtti sér ekki eða þurrkaði, lá bara með opin augun og þagði, vinstra augað kipraðist, hann þagði og deplaði auga. Kannski vonaðist hann til að lifa af, kannski hugsaði hann ekki um neitt.“

Þegjandi þunnu hljóði, kvalinn af skít og eymd, veslaðist þessi skáldjöfur tuttugustu aldar upp í búðunum.

Búlgakova segir frá handtöku Mandelstams í dagbókinni – og hefur engin orð um. Hún var ánægð þá í bili; það var nýbúið að panta hjá manni hennar leikrit um Stalín ...

LIFI ÓGNIN!

Margir brottfluttir í öðrum löndum litu svo á að með ógninni væri verið að binda enda á bolsévismann. Þeir mundu forspá V. Shúlgins í bókinni Árið 1920: „Lenín og Trotskij geta ekki sagt skilið við sósíalismann. Þeir neyðast til að bera þá byrði til enda. Svo tekur einhver við. Hann verður eldrauður að viljastyrk en skjannahvítur við þau verk sem þarf að vinna. Hann verður bolséviki í orði kveðnu en þjóðernissinni að sannfæringu.“

G. Fjedotov segir svo í tímaritinu Nútímapistlar: „Þetta er andbylting sem kemur að ofan ... Táknfræði marxista er enn við lýði og kemur í veg fyrir að menn sjái hið augljósa: Stalín er rauður tsar.“

Einmitt á þessum árum ógnarinnar snýr rithöfundurinn Kúprin úr útivist. Og Prokofjev ákveður loks að koma aftur í „Bolsévisíuna“. Þegar hann er kominn til baka semur hann ballettinn Rómeó og Júlíu og tónævintýrið Pétur og úlfinn. En ógnin elur upp. Þegar árið 1937 semur hann Tvítugskantötu októberbyltingarinnar – við texta Marx, Leníns og Stalíns ... Árið eftir kynnist Prokofjev kornungri Miru Mendelson, úr verður ólgandi ástaræVintýri og tónskáldið kvænist. Nú er Húsbóndinn ánægður; Prokofjev er kominn til að vera.

Auk hugmyndafræðilegra forsendna ógnarstjórnarinnar var önnur, brýn og einföld: húsnæðisskortur. Þegar Woland í skáldsögu Búlgakovs virðir fyrir sér mergð Moskvubúa segir hann með raunalegu kuldaglotti: „Venjulegt fólk, húsnæðisskortur hefur bara spillt því.“

Íbúar Moskvu hírðust í yfirfullum herbergjum. Hver handtaka þýddi „losað lífsrými“. Og fólkið, sem tók við því guðs lifandi fegið, sagði sem svo: Fyrri íbúar fengu makleg málagjöld.

Leikkonan Vjera Júrenjeva sagði mér: Þegar hún flutti inn í íbúð stóð ennþá á plötunni heitur tepottur ... Fjölskyldur handtekinna urðu oft að yfirgefa heimkynni sín án þess að taka með sitt hafurtask. Ríkið lagði allt til á nýja staðnum.

SKYLDMENNI „ÓVINA FÓLKSINS“

Húsbóndinn var að búa til samstætt þjóðfélag „ánægðra“. Þess vegna neyddist hann til að ákveða hvað skyldi gera við fjölskyldur „óvinanna“. Á sældardögum fyrstu réttarhaldanna var vandinn leystur með afneitun: kona og börn lýstu fjölskylduföðurinn illmenni. En hann var alinn upp í Kákasus þar sem hefndarskylda er við lýði, og honum hraus hugur við að þeir sem hann var að ala upp yrðu honum að fjörtjóni. Og eins og ævinlega, þá leysti hann vandamálið á byltingarvísu.

Að frumkvæði Jezhovs (auðvitað ekki Húsbóndans!) var samþykkt leynileg ályktun í Politbjúroi sem gildir frá 5. júlí 1937. Nú skal konum dæmdra „óvina fólksins“ komið fyrir í fangabúðum til 8 ára. Börn þeirra, 15 ára eða yngri, skulu sett í umsjón ríkisins (það er að segja á ömurleg barnaheimili). Um börn eldri en 15 ára – „verður tekin sérstök ákvörðun“ (þau verða sumsé send í sömu búðir).

Þá var hafin önnur útrýming góðborgara eftir októberbyltinguna – í þetta sinn þeirra sovésku. Í júní 1937 voru kona og dóttir Gamarniks send til Astrakhan, með þeim fjölskyldur Túkhatsjevskijs, Úborjevitsjar og fleiri. Þar voru konurnar fljótlega handteknar, börnin send á astrakhanskt barnaheimili. Þangað fóru smábörnin Mirra Úborjevitsj, Vjeta Gamarnik og Svjeta Túkhatsjevskaja – áður höfðu ráðskonur og fóstrur séð um þau heima hjá sér.

Bakarí og kaffihús Bakarameistarans
taka vel á móti þér

Nýbakað brauð, kökur og smurt brauð allan daginn – alla daga.

Bakarameistarinn

Austurveri • Flatahrauni • Glæsibæ • Húsgagnahöllin • Mjódd • Smáratorgi • Suðurveri

Auglýsingar:
Sími 578 1190 og
auglysingar@fotspor.is

Ritstjórn:
Sími 863 5518 og
sudri.heradsblad@gmail.com

SUÐUR
LANDSHLUTABLAÐ

1. tölublað
2. árgangur

Fánaprentun
- Útifánar
- Borðfánar
- Hátíðarfánar

544 2030
MERKIS MENN
www.merkismenn.is

ENGAR TILVILJANIR

Nýlega staðfesti Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, ný skattalög þar í landi sem fela í sér skattalækkanir. Margir, þar á meðal hagfræðingar og sérfræðingar í skattmálum, hafa bent á að skattalækkun Trumps kemur þó hinum efnamestu best en þeim efnaminni síður. Það er gömul saga og ný að hægriflokkar í stjórnmálum gæti fremur að hagsmunum þeirra sem hafa meiri tekjur en þeirra sem eru tekjulægri.

Hér á landi höfum við skýr dæmi um muninn á vinstri og hægri stjórnum er kemur að dreifingu skattbyrðinnar. Skattbyrði er reiknuð sem hlutfall skattgreiðslna og tekna launþega að teknu tilliti til bóta og sýnir skattbyrði hversu hátt hlutfall tekna launþegi greiðir í skatta.

Rannsóknir fræðimanna hafa sýnt að skattbyrði hér á landi var færð frá hátekjuhópum til mið- og lægri tekjuhópa frá árinu 1995 til ársins 2008. Allan þann tíma, að einu ári undanskyldu, var við völd hægristjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Þessari þróun var svo snúið við í tíð vinstri stjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna 2009-2013. Frá árinu 2013 var skattbyrði lág- og millitekjuhópa á ný aukin en lækkuð á hátekjufólk. Árið 2013 tók við völdum hægristjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks.

Það er því ekki tilviljun að hægri flokkar flytji skattbyrði yfir á þá efnaminni. Það er ekki heldur tilviljun að vinstri flokkar létti skattbyrði á lág- og millitekjuhópa og hækki hana hjá hátekjuhópum sem eru meira aflögufærir í samneysluna.

Nýlega tók ríkisstjórn Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks við völdum. Nú er spurning hvort að skattastefna hægriflokkanna muni verða ofan á í því samstarfi?

Njörður Sigurðsson,
bæjarfulltrúi í Hveragerði og
varaþingmaður Suðurkjördæmis.

FYRIR OKKUR

Sérvalið fyrir íslenskar aðstæður.
Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is

EINS OG FÆTUR TOGA

Risa Útsala
6.-13. janúar

800 pör af götuskóm, ræktarskóm, utanvega hlaupaskóm og léttum gönguskóm.

Allir skór á kr. 14.000
Allir toppar á kr. 4.000
Fatnaður á 20-40% afslætti
(var á sama verði og í USA)

Brooks hefur verið kosið fjögur ár í röð hlaupamerki ársins í heiminum hjá IRRA (Independent Running Retailers Assiciation).

Brooks er með 28% markaðshlutdeild í hlaupaverslunum í USA og 25% markaðshlutdeild í hlaupaverslunum í Evrópu..... þar sem hlaupararnir versla er þér óhætt.

Brooks hefur fengið flest verðlaun hjá Runners world 2015 - 2017. Allir core skór Brooks hafa fengið verðlaun hjá RW. Runners World er lang stærsti óháði aðili sem metur hlaupaskó.

Brooks er á sama verði á Íslandi og í flestum löndum Evrópu og alltaf samkeppnisfærir í verðum á Íslandi.

Brooks skór eru framleiddir fyrir mismunandi fótlag og niðurstig.

Samkvæmt árlegri skókönnun hlaup.is fyrir árið 2012 hlupu 5% hlauparar Reykjavíkur maraþons í Brooks skóm, í sömu könnun 2016 hlupu 23% hlaupara í Brooks. Brooks er því orðið stærsta hlaupamerki í Reykjavíkur maraþoni.

Eins og Fætur Toga - Bæjarlind 4 - 201 Kópavogi - Sími 55 77 100 - www.gongugreining.is